UMFERÐARSTOFA

# REGLUR
# um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna, nr. 631/1999

**1. gr.**

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar.

**2. gr.**

Barni er ekki skylt að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar ef það hefur fengið læknisvottorð, sem undanþiggur það notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

**3. gr.**

Lögreglan skal vekja athygli barna á skyldu skv. 1. gr.

**4. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 72. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. október 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1999.*

**Sólveig Pétursdóttir**

Ólafur W. Stefánsson

Umferðarstofa ábyrgist ekki hugsanlegar
villur í þessari útgáfu reglugerðinnar,
en bendir á útgáfu Stjórnartíðinda.